

1966 nr. 89 17. desember**Lög um Framleiðnisjód landbúnaðarins**

Tóku gildi 31. desember 1966. *Breytt með* l. 13/1971 (tóku gildi 29. apríl 1971), l. 77/1972 (tóku gildi 26. júní 1972), l. 90/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), l. 48/1992 (tóku gildi 10. júní 1992; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.), l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 121/1999 (tóku gildi 30. des. 1999) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Stofna skal sjód, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að veita styrki og lán til framleiðniáukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

□ Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

■ **2. gr.** [Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum sem [ráðherra]¹⁾ skipar til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra byggðamála og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.]²⁾

□ [Aðsetur sjóðsins skal vera í Borgarnesi, nema ráðherra ákveði annað.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 46. gr. ²⁾ L. 73/1996, 10. gr. ³⁾ L. 121/1999, 2. gr.

■ **3. gr.** Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánunum og styrkjum úr sjóðnum. . . .¹⁾

□ Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta [ráðherra]²⁾ í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda [ráðherra]²⁾ til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

□ Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

¹⁾ L. 13/1971, 1. gr. ²⁾ L. 126/2011, 46. gr.

■ **4. gr.** Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

□ Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967–1969.

□ [Á árunum 1972–1976 skulu greiddar úr ríkissjóði til framleiðnisjóðs kr. 50 milljónir, kr. 10 milljónir hvert ár.]¹⁾

¹⁾ L. 13/1971, 2. gr.

■ **5. gr.** . . .¹⁾

¹⁾ L. 73/1996, 10. gr.

■ **6. gr.** . . .¹⁾

□ Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

□ Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

¹⁾ L. 73/1996, 10. gr.

■ **7. gr.** Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánunum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.